



### 3. bekkingar velja námsbraut og svið



Námsfyrirkomulag skólans er með þeim hætti að allir nemendur á 1. ári læra það sama óháð brautum sem þeir velja þegar þeir skrá sig í skólann. Þetta fyrirkomulag gerir það að verkum að nemendur geta endurskoðað val sitt eftir fyrsta árið. Margir nemendur hafa nýtt sér þennan kost enda eru mjög margir óákveðnir þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla. Ýmsar nýjar námsgreinar birtast nemendum og margt er gert öðruvísi.

Nú er komið að því að nemendur staðfesti eða breyti vali sínu á námsbraut en þeir þurfa einnig að velja svið innan þeirrar námsbrautar sem valin er. Valið fer fram í upplýsingakerfinu og eiga allir nemendur að hafa farið þangað inn fyrir **miðnætti miðvikudaginn 25. febrúar** og athugað hvort rétt sé valið. Námsráðgjafar ganga í alla 3. bekkki og kynna námsframboð brauta og sviða og hægt er að leita til þeirra um aðstoð við valið. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á [heimasíðu skólans](#).

Það er afar mikilvægt að nemendur vandi val sitt og velji fyrir sig sjálfir. Allar brautir skólans enda með stúdentsprófi sem veitir sambærilegan aðgang að námi í háskólum en áherslurnar eru ólíkar og henta nemendum misvel. Því miður gerist það of oft að nemendur láti ýmislegt hafa áhrif á val sitt, t.d. vini eða hugmyndir annarra um hvað þeim sé fyrir bestu. Dæmi eru um að nemendur sem ígrunda ekki val sitt njóta sín ekki sem skyldi og námið reynist þeim þyngra en ella þar sem áhuginn er ekki nægilega mikill. Við viljum því hvetja ykkur foreldra og forráðamenn til þess að ræða við börnin ykkar um hvað þau vilja sjálf og hvaða námsbraut þau telji henta sér best miðað við reynslu þeirra af náminu við skólann.

### Nokkur orð um Nemóballið

Nemóballið tókst að mörgu vel miðað við stærð ballsins. Alls voru um 1.600 miðar seldir og þar af 1.100 innan skólans. 400 miðar fóru til ungmenna utan skólans. Markmiðið fyrir þetta ball var að ná sem næst 50% ballgesta í edrúppottinn. Því miður tókst það ekki og reyndar vorum við óvenju langt frá því. Rétt um 27% gesta staðfestu að þeir hefðu ekki bragðað áfengi fyrr um kvöldið og hefur edrúppotturinn ekki verið jafn þunnur svo misserum skiptir. Það passar vel við upplifun þeirra sem stóðu að gæslu á ballinu að ölvun hafi verið töluverð. Það bætti heldur ekki úr skák að of stór hluti nemenda hunsuðu tímaplanið og mætti allt of seint. Fyrir vikið skapaðist mikið öngþveiti fyrir utan staðinn rétt fyrir lokun með tilheyrandi þústrum og meiðslahættu. Hér er rétt að minnast á þátt foreldra og mikilvægi

þeirra á böllum. Það er ótvírætt að viðvera þeirra fyrir utan skipti sköpum við að hafa stjórn á aðstaðum. Aðkoma foreldra hefur breytt ásjón og yfirbragði dansleikja svo um munar.

Skólayfirvöld hafa fundað með foreldra-ráði og farið yfir það sem aflaga fór og gert áætlanir það að lútandi. Þrátt fyrir að ýmislegt hafi mátt fara betur má ekki gleyma því að meginþorri ballgesta skemmti sér mjög vel og þeir sem mættu á réttum tíma urðu yfirleitt ekki varir að það sem að ofan hefur verið ritað.

Við minnum enn og aftur á mikilvægi þess að leyfa ekki foreldrahluti partí enda er það staðreynd að ölvun ungmenna á sér yfirleitt stað í heimahúsum.

Óskilamuni er hægt að nálgast hjá námsráðgjöfum.



### Tilkynning veikinda

Samkvæmt skólareglum þá ber að tilkynna um veikindi nemanda fyrir klukkan 9:30, þó er símsvarinn opin til kl. 10:00.

Ekki þarf að tilkynna um leyfi fyrir nemendur v. læknis- eða tannlækna fyrirfram. Nóg er að koma með staðfestingu á skrifstofu skólans.

Nokkuð er um það að foreldrar/ forráðamenn tilkynni veikindi barna sinna seint að degi til og viljum við biðja foreldra/forráðamenn að virða innhringitímann.

Við viljum einnig vekja athygli á að nokkur dæmi eru um að nemendur hafi stofnað hotmail- eða gmail-netfang í nafni foreldra sinna og tilkynnt veikindi sín með þeim hætti og þá án vitundar foreldra.

### Skíðaferð

Töluverð vakning hefur orðið meðal skíðaáhugafólks innan skólans og undanfarnin ár hefur íþróttanefnd staðið fyrir vel heppnuðum skíðaferðum. Þessar ferðir hafa tekist mjög vel og stundur nú til að fara norður til Akureyrar. Því miður komast ekki allir sem vilja í ferðina þar sem gístaðstaðan rúmar aðeins takmarkaðan fjölda. Um 110 nemendur komast að og fer skráning fram á Marmaranum n.k. mánudag. Skilyrði fyrir þátttöku nemenda í 3. og 4. bekk er að þeir skili inn leyfisbréfi með undirskrift foreldra eða forráðamanna. Leyfisbréfið fæst afhent við skráningu.

Farið verður frá skólanum föstudaginn 27. febrúar klukkan 15:00 og komið aftur á sunnudeginum um klukkan 22:00. Gist verður í KA heimilinu. Ferðin er eins og áður segir skipulögð af íþróttanefnd NFVI en einnig munu starfsmenn verða með í för. Skólareglur gilda í ferðinni og hver sá sem gerir sig sekan um brot á þeim verður sendur heim á eigin kostnað.

Einungis þeir sem eru skráðir í ferðina og koma með rútunni fá gistingu í KA heimilinu. 10.000 kr. kostar í ferðina og eru rútuferðir, gisting, morgunmatur og skíðapassi innifalin.